

**Umhverfis- og samgöngunefndar**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Reykjanesbæ, 3. febrúar 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2**

**152. löggjafarþing**

**Þingskjal 11 – 11. mál.**

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis er með til meðferðar frumvarp til laga um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2, þskj. 11 – 11. mál. Frumvarpið felur í sér að Alþingi veiti Landsneti heimild með lögum til framkvæmda við lagningu flutningsvirkja raforku í landi sveitarfélaganna Hafnarfjarðar, Grindavíkur, Reykjanesbæjar og Voga.

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar (Kadeco) leggur áherslu á mikilvægi þess að réttur sveitarfélaga sé virtur og hvetur alla hlutaðeigandi aðila: framkvæmdaraðila, viðkomandi sveitarfélög, Alþingi og aðra, til að leggja sig fram við að tryggja framgang Suðurnesjalínu 2 í sem mestri sátt og í samræmi við fyrirliggjandi áætlanir. Þá vill Kadeco nota tækifærið og árétta mikilvægi þess fyrir þróun og uppbyggingu sjálfbærs samfélags og nýtingu atvinnutækifæra á Suðurnesjum að framboð orku á svæðinu verði aukið og öryggi afhendingar tryggt. Kadeco tekur því undir það sem segir í greinargerð frumvarpsins um nauðsyn þess að styrkja flutningskerfi raforku á Suðurnesjum og undirbúa svæðið fyrir aukna raforkuþörf.

**Einhæft og brothætt atvinnuástand á Suðurnesjum**

Það er ekkert nýtt að atvinnuleysi aukist hraðar á Suðurnesjum en í öðrum landshlutum. Niðursveiflan í kjölfar kórónuveirufaraldursins var ekki fyrsta áfallið. Þvert á móti má segja að sveiflukennt atvinnuástand sé einkenni Suðurnesja. Þegar treyst er á fáar stoðir er vinnumarkaður viðkvæmur fyrir sveiflum. Þetta hefur bersýnilega komið í ljós á síðustu 10 árum.

Það er augljóst að sjálfbært atvinnulíf blómstrar ekki á Suðurnesjum ef um of er treyst á eina atvinnustoð. Undanfarinn áratug hefur það verið flugtengt ferðaþjónusta en þar áður settu íbúar á Suðurnesjum traust sitt á störf tengd umsvifum varnarliðsins. Þegar varnarliðið hvarf af landi brott árið 2006 hófst atvinnukreppa á Suðurnesjum.

Ýmsar atlögur hafa verið gerðar að því að auka fjölbreytni atvinnulífsins á svæðinu. Árangurinn hefur verið misgóður, eins og dæmin sanna, sem má að einhverju leyti rekja til skorts á samvinnu, samráði og sameiginlegri framtíðarsýn hagaðila á svæðinu.

Þessi reynsla fyrri ára leiddi til þess að sveitarfélög á Suðurnesjum og helstu hagaðilar komu sér saman um stefnu og sýn fyrir svæðið til framtíðar. Þetta hefur bæði verið gert í tengslum við sóknaráætlun Suðurnesja 2020-2024 sem og á vegum Suðurnesjavettvangs, umræðuvettvangs hagaðila á Suðurnesjum. Þessi samvinna hefur leitt af sér framtíðarsýn á grundvelli mikillar greiningar og stefnumótunarvinnu sem aðilar á svæðinu hafa samþykkt að vinna eftir.

Mikilvægt er talið að nýta tækifærin sem fólgin eru í grænni orku á Reykjanesskaganum, t.d. með stofnun vistvæns auðlindagarðs og orkuskiptum á Suðurnesjum með hliðsjón af staðsetningu Keflavíkurflugvallar. Flest þau tækifæri sem nefnd eru í sóknaráætlunum munu reiða sig á græna aðgengilega orku til umhverfsvænnar atvinnuuppbyggingar. Þetta eru tækifæri sem raunhæft er að verði að veruleika og auka munu fjölbreytni og stöðugleika í atvinnulífi á Suðurnesjum. Ljóst er að til þess að skapa megi ný tækifæri þarf að tryggja örugga afhendingu raforku á svæðinu til frambúðar. Ein meginniðurstaða Suðurnesjavettvangs var að bakhjarlar vettvangsins, sveitarfélögin á Suðurnesjum, Kadeco, Isavia og SSS, undirrituðu yfirlýsingu um að hraða innleiðingu hringrásarhagkerfisins: Að snúa vörn í sókn, efla atvinnulíf og styrkja innviði svæðisins og stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.

### Uppbygging við Keflavíkurflugvöll

Kadeco vinnur að gerð þróunaráætlunar nærumhverfis Keflavíkurflugvallar, þar sem horft er til ársins 2050. Tækifærin eru mörg, og snúa ekki einvörðungu að flugi og ferðaþjónustu. Staðsetning mitt á milli meginlands Evrópu og Norður-Ameríku, nálægðin við höfuðborgarsvæðið, mannaúdur sveitarfélaga og kostir íslensks samfélags – allt þetta skapar ótvíræða framtíðarmöguleika þróunarsvæðisins við Keflavíkurflugvöll. Græn orka, sveigjanleiki og aðlögunar- og samstarfshæfni samfélagsins, eru sömuleiðis þættir sem varða miklu í samskiptum þjóða og öllum viðskiptum.

Þróunaráætlun svæðisins er mótuð með sjálfbærni að leiðarljósi og teflir fram tækifærum sem nýta innlenda, græna orkugjafa. Sem dæmi má nefna framleiðslu vetnis til útflutnings og fyrir flugvélar sem geta farið um Keflavíkurflugvöll, uppbyggingu rafhleðslustöðva fyrir flugvélar á leið yfir Norður-Atlantshaf, framleiðslu bílaraflaða og fleira. Það er hins vegar ljóst að til þess að þessir kostir auk annarra geti orðið að veruleika þurfa ákveðnar forsendur að vera til staðar. Ein af þeim er að örugg afhending raforku verði tryggð til framtíðar á Suðurnesjum. Sú ótrygga staða sem nú er uppi hvað þetta varðar hefur þegar leitt til þess að hugmyndum og áformum hefur hvað eftir annað verið slegið á frest – eða þeim verið fundinn annar staður.

Tækifærin blasa við. Með vandaðri og framsýnni áætlanagerð og góðu samstarfi verður hægt að nýta allt það besta sem svæðið hefur upp á að bjóða. Kadeco skorar því á alla hlutaðeigandi aðila að sameinast um að nýta tækifærin sem bjóðast til hagsbóta fyrir samfélagið á Suðurnesjum og beita sér fyrir því að ekki verði frekari tafir á uppbyggingu Suðurnesjalínu 2.

Kadeco hvetur alla hlutaðeigandi aðila: framkvæmdaraðila, viðkomandi sveitarfélög, Alþingi og aðra, til að sameinast um að tryggja framgang Suðurnesjalínu 2 í samræmi við þær framkvæmdaáætlanir sem fyrir liggja.

Virðingarfyllt,

Pálmi Freyr Randversson  
framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar